

Fundargerð

2. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

miðvikudaginn 7. september 2016 kl. 14.00.

Fundarstaður: Kaupfélagshúsið í Króksfjarðarnesi.

Mætt eru: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir, fulltrúar Félags eldri borgara, Eypór Jón Gíslason og Ingveldur Guðmundsdóttir, fulltrúar Dalabyggðar, Sandra Rún Björnsdóttir og Vilberg Þráinsson, fulltrúar Reykhólahrepps, Inga Vildís Bjarnadóttir félagsráðgjafi Dalabyggðar og María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhólahrepps.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn.

1. Formaður fór yfir helstu áherslur frá fyrsta fundi Öldungaráðs í júní 2016 þar sem m.a. var talað um félagsstarfið í Dalabyggð sem Félag eldri borgara hefur séð um, þörf á auknu fé til aksturs á milli Búðardals og Reykhóla, væntanlegar breytingar í heimaþjónustunni í Dalabyggð, húsnæðismál eldri borgara, heimsendan mat og að þegar farið er í ferðir með Félagi eldri borgara þyrfti að vera stuðningsaðili til að fylgja heimilisfólkinu á Silfurtúni.

Í framhaldi af yfirferð Jónu Valgerðar spunnust upp umræður. María tók það fram að það hafi ekki verið beðið um heimsendan mat í Reykhólahreppi en erfitt yrði að framkvæma það í sveitunum. Inga Vildís spurði Eypór hvort þetta hafi verið rætt í Dalabyggð og það hefur verið, það sem á eftir að leysa er hver á að sjá um að fara með matinn heim til fólks.

Eypór sagði frá því að á fundi byggðaráðs hafi verið rætt um að ráða starfsmann í 20% vinnu í heimaþjónustuna og 20% í félagsstarf eldri borgara en þó ekki að auglýsa þetta sem eitt starf. Ákveðið var að auglýsa bara starf í heimaþjónustu en vísa hinu til sveitarstjórnar. Rætt um hvort það ætti að vera samvinna milli sveitarfélaga með félagsstarfið, það hefur ekki verið rætt í sveitarfélögunum. María sagði frá hvernig félagsstarfið er í Reykhólahreppi og spurning hvort það ætti að vera meira en það er nú þegar.

Þrúður vill hrósa Dalabyggð fyrir góða þjónustu varðandi garðslátt í sumar. Eypór þakkaði henni fyrir það og vildi koma hrósinu áfram og sagði Siggú, sem sá um sláttinn í sumar, hafa staðið sig mjög vel í starfi.

2. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

1. Sveitarstjórn skal sjá um að félagsþjónusta aldra sé fyrir hendi í sveitarfélaginu samkvæmt þörfum og skipuleggja, hana sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, 40. gr. Efla þarf þjónustu í heimahúsum svo fólk geti lengur búið heima. Auglýsa þarf að fólk hafi möguleika á að fá heimsendingu matar, helst óháð búsetu. Bendum við á að nýta pósthjónustu til dreifðari byggða.
2. Styrkja félagsstarf aldra í sveitarfélögunum, bæði til að auka virkni og koma í veg fyrir einangrun. M.a. þarf að hafa starfsmann sem sinnir félagsstarfi aldra og skipuleggur það í samstarfi við Félag eldri borgara á svæðinu. Akstur fyrir eldri borgara til að sækja félagsstarfið

í báðum sveitarfélögum þarf að vera í boði. Benda má eldri borgurum á heimsóknarþjónustu Rauða krossins sem er hugsuð til að rjúfa einangrun.

3. Sveitarfélögin þurfa að bjóða upp á sérhannað húsnæði fyrir aldraða sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Það mætti gjarnan vera í nálægð við hjúkrunar- og dvalarheimilin á svæðinu svo nýta mætti þjónustu þeirra. (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999).
4. Skorað er á sveitarfélögin að skoða álagningu fasteignaskatta af íbúð til eigin nota hjá elli- og örorkuþegum með það að markmiði að hækka viðmiðunarmörk tekna til að njóta afsláttarins.

Samhliða ályktuninni fór fram umræða þar sem rætt var um húsnæðismál. Farið var yfir stöðuna á íbúðum í Barmahlíð. Eypór fór yfir stöðuna í Dalabyggð, þar er ein félagsleg íbúð laus. Eypór sagði frá samstarfi í húsnæðismálum þar sem Alþingi hefur samþykkt ný lög um almennar íbúðir nr. 52/2016. Með lögunum er ríki og sveitarfélögum heimilt að veita stofnframlög til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda. Húsnæðissjálfsseignarstofnanir, sveitarfélög, lögaðilar og félagasamtök sem hafa hlotið samþykki ráðherra og hafa það að langtímamarkmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með leiguhúsnæði og eru rekin án hagnaðarsjónarmiða geta hlotið stofnframlög.

Þrúður sagði frá tilraun hennar til að vera heimsóknarvinur Rauða krossins. Hjúkrunarfræðingur benti henni á tvo einstaklinga sem þyrftu að fá heimsóknarvin. Þegar kom að því að fara í heimsóknir til þessara einstaklinga kom í ljós að þeir höfðu ekki áhuga á að fá heim til sín heimsóknarvin. Inga Vildís bætti við að þegar þetta var reynt í Borgarnesi snerist það upp í að þeir sem áttu að fá heimsóknir vildu verða heimsóknavinir en ekki fá heimsóknir.

Rætt var um akstur eldri borgara á milli Dalabyggðar og Reykhólahrepps og hvernig má bæta stöðuna á honum. Flestir mögulegir bílar á svæðinu eru í skólaakstri og því ekki hægt að nýta þá. Félag eldri borgara fær stuðning frá sveitarfélögunum sem það getur ráðstafað að vild, hvort sem er í akstur og ýmis námskeið.

3. Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps óskar eftir því við sveitarstjórnirnar að fá að sjá drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 áður en seinni umræða fer fram.

Að lokum er stefnt á að næsti fundur verði þann 16. nóvember 2016 í Tjarnarlundi.

Formaður þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 15.45.

Ritari Sandra Rún Björnsdóttir